



ERINDISBRÉF

Ábyrgð og eigandi verkefnis:

Eigendavettvangur SORPU bs.

Umsjón:

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Inngangur:

Eigendavettvangur SORPU bs samþykkti á fundi sínum þann 7. júlí 2019 að stofna starfshóp sem falið yrði að vinna aðgerðaáætlun með heildarlausn úrgangsmála á höfuðborgarsvæðinu að leiðarljósi.

Verkefnið þarf að vinna hratt og skal í tengslum við bókun eigendafundar horft til þess hvort og þá með hvaða hætti samstarf milli Sorpu bs, Sorpstöð Suðurlands bs, Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf (Kalka sf) og Sorpurðun Vesturlands hf getur orðið um sameiginleg markmið og aðgerðir við meðhöndlun og förgun úrgangs. Unnið er að gerð sameiginlegrar svæðisáætlunar ofangreindra fjögurra Sorpsamlaga sem ljúka þarf sem fyrst. Sérstaklega er brýnt í því samhengi að finna lausn fyrir nýjan förgunarstað fyrir úrgang af höfuðborgarsvæðinu og eftir atvikum í samstarfi við þeirra sorpsamlaga sem tilgreind eru hér að ofan. Ennfremur verði skoðaðar sérstaklega leiðir til aukins samstarfs eða sameiningar við Sorpeyðingarstöð Suðurnesja hf. (Kalka sf).

Skipan verkefnihópsins:

Birkir Jón Jónsson stjórn SORPU bs.

Líf Magneudóttir stjórn SORPU bs.

Rósa Guðbjartsdóttir stjórn SSH.

Haraldur Sverrisson stjórn SSH.

Með hópnum starfa Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri SORPU bs. og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

Verkefnastjóri er Páll Guðjónsson viðskiptafræðingur.

Aðdragandi:

Endurskoðun á núverandi svæðisáætlun svæðisáætlun fjögurra sorpsamlaga um meðhöndlun úrgangs og samstarf um leiðir, lausnir og verkaskiptingu hefur verið í vinnslu síðastliðin tvö ár undir stjórn sameiginlegrar verkefnisstjórnar sorpsamlaganna en núverandi svæðisáætlun gildir til 2020. Það verkefni er langt komið og skiptist í tvo hluta. Fyrri hlutinn þ.e. tölfræði og úrgangsbókhald er tilbúið. Seinni hlutinn sem er

aðgerðaáætlunin liggur ekki fyrir og verður ekki gengið frá henni fyrr en samlögin fjögur hafa náð samstöðu um hvort og hvernig þau ætla að vinna að sameiginlegum lausnum til að uppfylla markmið svæðisskipulagsins.

Verkefnið framunda:

- a) Sett verði af stað markmiss vinna við að fá niðurstöðu varðandi viðræður við Sorpsamlögin þrjú um hvort og hvernig þau geta tekist á saman við framtíðina til að mæta vaxandi kröfum og skyldum í úrgangsmálum með sameiginlegri **aðgerðaáætlun** svæðisáætlunar að leiðarljósi. Horft verði sérstaklega til þess grundvöls, flæðirits, sem Mannvit hefur gert tillögu að þar sem sem skoðuð er sérhæfing hvers og eins sorpsamlags og þannig ákveðins “skiptimarkaðar” með mismunandi tegundir úrgangs til meðhöndlunar hjá hverju og einu sorpsamlagi.

Í þessari vinnu verður lagt endanlegt mat á mögulega staðsetningu nýs urðunarstaðar fyrir úrgang sem þjónað getur höfuðborgarsvæðinu og eftir atvikum öðrum sorpsamlögum. Þá einnig hvort og þá hvernig samstarfi eða sameiningu við Kólku verði háttað.

Forgangsverkefni er að finna lausn á því vandamáli að urðunarstaðurinn í Álfsnesi lokar í árslok 2020.

Samstarf og samráð:

Mikilvægt er að samhliða störfum hópsins verði skoðuð sú áætlunargerð og stefnumörkun sem nú fer fram á vettvangi stjórnvalda.

Þá kallar verkefnið á á samstarf og samráð ofangreindra sorpsamlaganna vegna sameiginlegra lausna og vekaskiptingar við meðhöndlun og förgun úrgangs á starfssvæði þeirra.

Samráðsnefnd sorpsamlaganna á suðvesturlandi um svæðisáætlun.

Aðra aðila sem að málum gætu komið.

Verklök.

Hópurinn skal skila niðurstöðum sínum til eigendavettvangs eigi síðar en 1. október 2019. Boðað verður til eigendafundar Sorpu í upphafi septembermánaðar til þess að fara yfir stöðu mála.



Páll Björgvin Guðmundsson

framkvæmdastjóri SSH

Skjal sótt af '000000000000' dags: 25.03 2026